

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2009/EES/48/01		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5365 – IPO/EnBW/Praha/PT) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	1
2009/EES/48/02		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5602 – RREEF Fund/BP/EVE/Repsol/BBG)	2
2009/EES/48/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5617 – General Motors/Delphi)	3
2009/EES/48/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5622 – Infineon/LSIS/LS Power Semitech JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	4
2009/EES/48/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5623 – Bridgepoint/TÜV SÜD/Dogus/Targets) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	5
2009/EES/48/06		Upphaf málsmeðferðar (mál COMP/M.5529 – Oracle/Sun Microsystems)	6

2009/EES/48/07	Ríkisaðstoð – Danmörk – Málsnúmer C 19/09 (áður N 64/09) – Aðstoð til endurskipulagningar í fyrirtækinu TV2 Danmark A/S – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans	6
2009/EES/48/08	Leiðrétting á orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug.	7
2009/EES/48/09	Yfirlit um bandalagsákvæðanir um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru frá 1. júní 2009 til 30. júní 2009	7
2009/EES/48/10	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar ráðsins 88/378/EEB frá 3. maí 1988 um samræmingu laga aðildarríkjanna um öryggi leikfanga (<i>birting á heitum og tilvísunarnúmerum samræmdra staðla samkvæmt tilskipuninni</i>)	7

3. Dómstóllinn

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2009/EES/48/01

(Mál COMP/M.5365 – IPO/EnBW/Praha/PT)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 1. september 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem tékkneska fyrirtækið International Power Opatovice, a.s. („IPO“), sem lýtur yfirráðum hins breska International Power plc, þýska fyrirtækið EnBW Energie Baden-Württemberg AG („EnBW“), sem lýtur yfirráðum hins franska Electricité de France og hins þýska Zweckverband Oberschwäbische Elektrizitätswerke í sameiningu, svo og hlavní mæsto Praha („borgarsjóður Prag“⁽²⁾) í Tékklandi öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í tékkneska fyrirtækinu Pražská teplárenská, a.s. („PT“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - IPO: framleiðsla og heildsöludreifing á raforku og hitaveita, meðal annarrar starfsemi
 - EnBW: framleiðsla og heildsöludreifing á raforku, meðal annarrar starfsemi
 - Borgarsjóður Prag: þjónusta við heimili og fyrirtæki í Prag
 - PT: hitaveita, framleiðsla og heildsöludreifing á raforku
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 216, 10. september 2009). Þær má senda með símbreffi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5365 – IPO/EnBW/Praha/PT, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5602 – RREEF Fund/BP/EVE/Repsol/BBG)

2009/EES/48/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. september 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bresku fyrirtækin RREEF Pan-European Infrastructure Fund LP („RREEF Fund“), sem lýtur stjórn hins þýska Deutsche Bank gegnum önnur félög, og BP PLC („BP“) og spænsku fyrirtækin Ente Vasco De La Energia („EVE“) og Repsol YPF, S.A. („Repsol“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrirnefndrar reglugerðar, í starfandi sameiginlegu fyrirtæki, hinu spænska Bahía De Bizkaia Gas, S.L. („BBG“). BBG lýtur nú yfirráðum spænska fyrirtækisins Iberdrola S.A., BP, EVE og Repsol í sameiningu.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - RREEF Fund: fjárfestingasjóður sem starfar á sviði banka- og fjármálaþjónustu og skyldrar þjónustu víða um heim
 - BP: olíu- og gasleit, uppbygging olíu- og gasvinnsluvæða og olíu- og gasvinnsla, hreinsun, framleiðsla og markaðsfærsla á olíuvörum og iðefnum sem unnin eru úr jarðolíu og uppbygging orkuvinnslu með endurnýjanlegum orkugjöfum
 - EVE: almenningsfyrirtæki í Baskahéraðinu á Spáni sem sinnir orkuveitu, vatnsveitu og fjar-skiptaþjónustu
 - Repsol: starfsemi á Spáni á sviði olíuleitar og sölu á olíu og skyldum vörum, auk annarra orkugjafa
 - BBG: endurgösun fljótandi jarðgass á Spáni
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 217, 11. september 2009). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5602 – RREEF Fund/BP/EVE/Repsol/BBG, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5617 – General Motors/Delphi)**

2009/EES/48/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 1. september 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið General Motors Company („GM“) öðlast með hlutafjár- og eignakaupum yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í hluta bandaríska fyrirtækisins Delphi Corporation („Delphi“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - GM: framleiðsla og sala á vélknúnum ökutækjum
 - Delphi: framleiðsla á farrafeindabúnaði og flutningakerfum fyrir ökutækjaframleiðendur
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 212, 5. september 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5617 – General Motors/Delphi, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2009/EES/48/04****(Mál COMP/M.5622 – Infineon/LSIS/LS Power Semitech JV)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. september 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Infineon Technologies AG („Infineon“) og suður-kóreska fyrirtækið LS Industrial System Co. Ltd. („LSIS“) öðlast með hluta-fjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í suður-kóreska fyrirtækinu LS Power Semitech Co. Ltd. („LS Power Semitech“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Infineon: þróun, framleiðsla og markaðsfærsla á hálfleiðaralausnum og kerfislausnum til nota í ökutækjum, öryggisbúnaði, neytendabúnaði og iðnaði
 - LSIS: þróun, framleiðsla og markaðsfærsla á hálfleiðaralausnum og kerfislausnum til nota í raforkuvirkjum og sjálfvirknibúnaði í iðnaði
 - LS Power Semitech: þróun, framleiðsla og markaðsfærsla á svonefndum „mótuðum greindarorkustýrieiningum“ (e. *molded intelligent power modules*) til nota í neytendabúnaði
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 219, 12. september 2009). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5622 – Infineon/LSIS/LS Power Semitech JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2009/EES/48/05

(Mál COMP/M.5623 – Bridgepoint/TÜV SÜD/Dogus/Targets)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 1. september 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið Test Tasit, nýskráð fyrirtæki sem lýtur að fullu yfirráðum hins breska Bridgepoint Capital Group Limited („Bridgepoint“) gegnum önnur félög, öðlast með hlutafjárkaupum yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í i) tyrknesku fyrirtækjunum TÜVTURK Kuzey Taşıt Muayene İstasyonları Yapım ve İşletim A.Ş („TÜVTURK Kuzey“), TÜVTURK Güney Taşıt Muayene İstasyonları Yapım ve İşletim A.Ş („TÜVTURK Güney“) og TÜVTURK İstanbul Taşıt Muayene İstasyonları Yapım ve İşletim A.Ş („TÜVTURK İstanbul“) (yfiráð að hluta ásamt tveimur eldri móðurfélögum, hinu þýska TÜV SÜD A.G. („TÜV SÜD“) og hinu tyrkneska Doğuş Holding A.Ş. (Doğuş)) og ii) tyrkneska fyrirtækinu Adana İçel Hatay Araç Muayene Hizmetleri Yapım ve İşletim A.Ş („Adana“) (full yfirráð).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Bridgepoint: fjárfestingar í óskráðum félögum með starfsemi á ýmsum sviðum, m.a. fjármálaþjónustu, heilsugæslu og fjölmiðlastarfsemi
 - TÜV SÜD: eignarhaldsfélag fjölþjóðasamsteypu sem sinnir einkum tækniþjónustu á sviði ökutækjaskoðunar og annarri þjónustu
 - Doğuş: eignarhaldsfélag með starfsemi á sjö meginsviðum, einkum í Tyrklandi, þ.e. starfsemi sem snýr að fjármálaþjónustu, ökutækjum, byggingum, fjölmiðlum, ferðaþjónustu, fasteignum og orku
 - Yfirtekin fyrirtæki: i) TÜVTURK Kuzey og TÜVTURK Güney eru handhafar sérleyfa á sviði ökutækjaskoðunar í Tyrklandi; ii) TÜVTURK İstanbul og Adana eru undirverktakar TÜVTURK Kuzey annars vegar og TÜVTURK Güney hins vegar á sviði ökutækjaskoðunar í Tyrklandi
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 213, 8. september 2009). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5623 – Bridgepoint/TÜV SÜD/Dogus/Targets, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Upphaf málsmeðferðar**2009/EES/48/06****(Mál COMP/M.5529 – Oracle/Sun Microsystems)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 3. september 2009 að hefja málsmeðferð í ofangreindu máli eftir að hafa komist að þeirri niðurstöðu að mikill vafi léki á að hin tilkynnta samfylking væri samrýmanleg sameiginlega markaðnum. Upphaf málsmeðferðar markar byrjun annars áfanga rannsóknar á þessari samfylkingu og er með fyrirvara um endanlega ákvörðun í málinu. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið c) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004.

Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Til að unnt sé að taka fullt mið af athugasemdunum verða þær að berast framkvæmdastjórninni innan 15 daga frá því að tilkynning þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (C 213, 8. september 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 22964301/22967244) eða í pósti, með tilvísun til máls COMP/M.5529 – Oracle/Sun Microsystems, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition,
Merger Registry
J-70
1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

Ríkisaðstoð – Danmörk**2009/EES/48/07****Málsnúmer C 19/09 (áður N 64/09) – Aðstoð til endurskipulagningar í fyrirtækinu
TV2 Danmark A/S****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans í tengslum við ofangreinda ríkisaðstoð, sjá [Stjttíð. ESB C 207, 2.9.2009](#).

Framkvæmdastjórnin birtir þessa auglýsingu til þess að gefa EES-ríkjunum og öðrum áhugaaðilum færi á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdafrestur er einn mánuður frá því að auglýsingin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og skal senda athugasemdirnar til:

European Commission
Directorate-General for Competition
State Aid Greffe
Rue de Spa 3
1049 Bruxelles/Brussel
BELGIUM
Bréfasími: +32 22961242

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Danmörku. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

Leiðrétting á orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. 2009/EES/48/08
reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur
um flugrekstur í bandalaginu – Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug

(EES-viðbætur nr. 46, 3.9.2009)

Á bls. 10 komi eftirfarandi leiðrétting:

Í stað „25. desember 2009“

komi „25. október 2009“.

Yfirlit um bandalagsákvæðanir um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru frá 2009/EES/48/09
1. júní 2009 til 30. júní 2009

Birt hefur verið í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* yfirlit um ákvæðanir um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru í júní 2009, sjá [Stjtið. ESB C 178, 31.7.2009](#), bls. 15 og 24.

Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar ráðs- 2009/EES/48/10
ins 88/378/EBE frá 3. maí 1988 um samræmingu laga aðildarríkjanna um öryggi
leikfanga

(Birting á heitum og tilvísunarnúmerum samræmdra staðla samkvæmt tilskipuninni)

Evrópsk staðlasamtök ⁽¹⁾	Tilvísunarnúmer og heiti staðals (og tilvísunarskjal)	Birtist fyrst í Stjtið. ESB	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hólmi	Síðasti dagur ætlaðs samræmis staðalsins sem leystur er af hólmi
CEN	EN 71-1:2005+A8:2009 Öryggi leikfanga – 1. hluti: Krafræninir og efnislegir eiginleikar	Óbirt áður	EN 71-1:2005 +A6:2008 Athugasemd 2.1	Athugasemd 1 Liðinn (31.10.2009)

Athugið: „Þegar um ræðir skotleikföng með sogskálum tekur krafan í staflíð b) í lið 4.17.1, en samkvæmt henni fer togprófunin fram í samræmi við ákvæði liðar 8.4.2.3, ekki til köfnunarhættu sem stafa kann af þessum leikföngum.“ – Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/224/EB frá 4. apríl 2007 (Stjtið. ESB L 96, 11.4.2007, bls. 18).

CEN	EN 71-2:2006+A1:2007 Öryggi leikfanga – 2. hluti: Eldfimi	16.9.2008	EN 71-2:2006 Athugasemd 2.1	Liðinn (16.9.2008)
CEN	EN 71-3:1994 Öryggi leikfanga – 3. hluti: Far tiltekinnna frumefna	12.10.1995	EN 71-3:1988 Athugasemd 2.1	Liðinn (30.6.1995)
	EN 71-3:1994/A1:2000	14.9.2001	Athugasemd 3	Liðinn (31.10.2000)
	EN 71-3:1994/A1:2000/AC:2000	8.8.2002		
	EN 71-3:1994/AC:2002	15.3.2003		

Evrópsk staðlasamtök ⁽¹⁾	Tilvísunarnúmer og heiti staðals (og tilvísunarskjal)	Birtist fyrst í Stjtið. ESB	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hólmi	Síðasti dagur ætlaðs samræmis staðalsins sem leystur er af hólmi Athugasemd 1
CEN	EN 71-4:1990 Öryggi leikfanga – 4. hluti: Samstæður fyrir efnafræðitilraunir og ámóta tilraunir	9.2.1991	—	
	EN 71-4:1990/A1:1998	5.9.1998	Athugasemd 3	Liðinn (31.10.1998)
	EN 71-4:1990/A2:2003	9.12.2003	Athugasemd 3	Liðinn (31.1.2004)
	EN 71-4:1990/A3:2007	4.10.2007	Athugasemd 3	Liðinn (30.11.2007)
CEN	EN 71-5:1993 Öryggi leikfanga – 5. hluti: Efnafræðileikföng (samstæður), önnur en tilraunasamstæður	1.9.1993	—	
	EN 71-5:1993/A1:2006	31.5.2006	Athugasemd 3	Liðinn (31.7.2006)
CEN	EN 71-6:1994 Öryggi leikfanga – 6. hluti: Myndrænt tákni fyrir viðvörðunarkerkingar um hæfilegan aldur notenda	22.6.1995	—	
CEN	EN 71-7:2002 Öryggi leikfanga – 7. hluti: Fingramálning – Kröfur og prófunaraðferðir	15.3.2003	—	
CEN	EN 71-8:2003 Öryggi leikfanga – 8. hluti: Rólur, rennibrautir og ámóta leiktæki til heimilisnotkunar innan- og utanhúss	9.12.2003	—	
	EN 71-8:2003/A1:2006	26.10.2006	Athugasemd 3	Liðinn (30.11.2006)
Cenelec	EN 62115:2005 Rafmagnsleikföng – Öryggi IEC 62115:2003 (Breytt) + A1:2004	8.3.2006	EN 50088:1996 + A1:1996 + A2:1997 + A3:2002 Athugasemd 2.1	Liðinn (1.1.2008)

⁽¹⁾ CEN: Avenue Marnix 17, B-1000 Bruxelles/Brussel, sími +32 25500811, bréfasími +32 25500819 (<http://www.cen.eu>)

CENELEC: Avenue Marnix 17, B-1000 Bruxelles/Brussel, sími +32 25196871, bréfasími +32 25196919 (<http://www.cenelec.org>)

ETSI: 650, route des Lucioles, F-06921 Sophia Antipolis, sími +33 492944200, bréfasími +33 493654716 (<http://www.etsi.eu>)

- Athugasemd 1 Síðasti dagur ætlaðs samræmis er yfirleitt sami dagur og afturköllunardagurinn (*date of withdrawal* eða „*dow*“) sem viðkomandi evrópsk staðlasamtök ákveða, en athygli notenda þessara staðla skal vakin á að sérstakar undantekningar geta verið frá þessu.
- Athugasemd 2.1 Nýi (eða breytti) staðallinn hefur sama gildissvið og sá sem leystur er af hólmi. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi, að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur tilskipunarinnar.
- Athugasemd 2.2 Nýi staðallinn hefur rýmra gildissvið en sá sem leystur er af hólmi. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi, að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur tilskipunarinnar.
- Athugasemd 2.3 Nýi staðallinn hefur þrengra gildissvið en sá sem leystur er af hólmi. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi (að hluta), að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur tilskipunarinnar að því er varðar vörur sem falla undir gildissvið nýja staðalsins. Ætlað samræmi við grunnkröfur tilskipunarinnar gildir óbreytt að því er varðar vörur sem falla áfram undir gildissvið staðalsins sem leystur er af hólmi (að hluta) en ekki undir gildissvið nýja staðalsins.
- Athugasemd 3 Þegar breytingar eru gerðar er vísað til staðalsins með númerinu EN CCCCC:YYYY ásamt eldri breytingum, ef einhverjar eru, og nýju breytingunni. Staðallinn, sem leystur er af hólmi (3. dalkur), er því EN CCCCC:YYYY ásamt áorðnum breytingum, ef einhverjar eru, en *án* nýju breytingarinnar. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi, að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur tilskipunarinnar.

Athugið:

- Upplýsingar um hvernig nálgast má staðlana gefa viðkomandi evrópsk staðlasamtök og staðlastofnanir einstakra ríkja, sjá skrá í viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB ⁽¹⁾, með áorðnum breytingum skv. tilskipun 98/48/EB ⁽²⁾.
- Þótt tilvísunarnúmer staðla séu birt hér merkir það ekki að þeir séu til á öllum tungumálum Evrópska efnahagssvæðisins.
- Þessi skrá kemur í stað annarra slíkra sem birst hafa í *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna hefur uppfærslu hennar með höndum.

Nánari upplýsingar um samræmda staðla er að finna á eftirfarandi vefslóð:

<http://ec.europa.eu/enterprise/newapproach/standardization/harmstds>

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 217, 5.8.1998, bls. 18.